

**Sent á félagsforingja, dagskrárforingja og drekaskátaforingja samkvæmt félagatali BÍS 2024-2025*

Drekaskátamót - upplýsingabréf 2

Nú stýttist óðum í Drekaskátamót, við erum orðin ótrúlega spennt og hlökkum mikið til að sjá alla drekaskátana á Úlfjótssvatni dagana 13.-15. júní!

Á mótinu verður **geimveru þema** og við hvetjum alla skáta til þess að koma í búningi og taka virkan þátt í þemanu.

Þátttökugjald er **11.000 kr.**, og innifalið í því er öll dagskrá og sameiginleg kvöldmáltíð og kvöldkaffi bæði á föstudegi og laugardegi.

Hvert félag fær frítt fyrir 1 foringja sem sinnir fararstjóra stöðu. Einnig fer einn foringji frítt fyrir hverja 10 krakka sem skrá sig á vegum félagsins.

Kostnaður fyrir aðra foringja eru **6.000 kr.**,-

Skráning opnar á þankadeginum, 22. febrúar og lokar á miðnætti þann 1. maí.

Mikilvægt er að skráningar berist á réttum tíma til þess að hægt sé að panta mat í tæka tíð fyrir mótið.

Skráningin er á 0 kr. á skráningarsíðunni til þess að auðvelda félögum að skipuleggja sína ferð. Félögin rukka sína þátttakendur en félögin verða svo rukkuð miðað við skráningu að móti loknu. Þegar skráningu lýkur verður sendur listi af skráðum foringjum og þátttakendum á stjórnir félaganna og þau beðin um að staðfesta skráninguna.

Haldinn verður **upplýsingafundur** fyrir fararstjóra í maí þar sem farið verður yfir öll helstu atriði fyrir mótið.

Fleiri hagnýtar upplýsingar:

1. Tjaldsvæði mótsins er á Hvítasunnuflöt, við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki. Þau félög sem vilja vera saman á flöt get sent línu á drekaskatamot@skatarnir.is og beðið um að vera með sínu vinafélagi í dagskrá og á tjaldflöt.
2. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald.
3. Foringjum er velkomið að koma á fimmtudagskvöldinu til að setja upp matartjöld ef þess er óskað.
4. Fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þátttökugjald fyrir einn foringja.

5. Félögin sjá um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið og hvernig mat og öðru er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlegu máltíðina á laugardagskvöldið.
6. Dagskrá mótsins má finna hér að neðan en hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.
7. Foringjar og fararstjórar þurfa einnig að skrá sig með því að senda póst á skatarnir@skatarnir.is

	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
8:00		8:00- 9:30	
9:00		RÆS og morgunmatur	
10:00		9:30-11:30	
11:00		Dagskrábil 1	Dagskrábil 3
12:00		11:30-13:30	13:30 Slit
13:00		Hádegismatur	
14:00		13:30-15:30	14:00-16:00
15:00		Dagskrábil 2	Tiltekt og brottför
16:00		15:30 -16:30	
17:00		16:30 -18:30	
18:00	16:00- Mæting, tjalda,	Opin dagskrá	
19:00	18:30- 20:00 Kvöldmatur	18:30 - 20:00 Kvöldmatur	
20:00	20:00 - 21:00 Setning	20:00 - 21:00 Kvöldvaka	
21:00	21:00 - 22:00 Kakó og kex	21:00 - 22:00 Kvöldleikur	
22:00	ró 22:30	22:00 - 23:00 Kakó og kex	
23:00	KYRRÐ	ró 23:30	
0:00		KYRRÐ	